Aðalfundur FKM 17-03-2018

Fundur settur kl. 10:15

Dagskrá fundarins, venjuleg aðalfundarstörf eins og auglýst var í fundarboði sem sent var út þann 20. 02. 2018:

1. Formaður FKM Bára Einarsdóttir bauð fundarmenn velkomna og lýsti fundinn löglegan þar sem að 23 félagar voru mættir og fjórir félagar höfðu sent inn umboð sitt og setti fundinn.
2. Sigurjón Valsson sendi inn umboð.
3. Orri Eiríksson var valinn fundarstjóri og stakk hann upp á Valdimar Einarssyni sem fundarritara, sem var samþykkt.
4. Formaður FKM Bára Einarsdóttir flutti skýrslu formanns.
5. Sjá viðhengi
6. Hjörtur Þór Hauksson gjaldkeri FKM kynnti reikninga klúbbsins.
   Síðan voru reikningar félagsins bornir upp til samþykktar, voru þeir samþykktir einróma.
7. Daníel flutti skýrslu umsjónarmanns flugvélar FKM (sjá viðhengi).
   Síðan voru reikningar FKM og reksturs TF-RJC bornir upp til samþykktar.
   Engin gerði athugasemdir við skýrsluna og reikninga vélarinnar og voru þeir því samþykktir einróma.
8. Lagabreytingar:
   Engar tillögur um lagabreytingar höfðu borist stjórn FKM fyrir fundinn.
9. Kosning stjórnar:
   a. Núverandi stjórn var kynnt en hana skipa:
      i. Bára Einarsdóttir – Formaður
      ii. Hjörtur Þór Hauksson – Gjaldkeri
      iii. Valdimar Einarsson – Ritari
      iv. Sigurjón Valsson – Meðstjórnandi
      v. Halldór Jónsson - Meðstjórnandi
      vi. Ómar Bjarnasson – Varamaður í stjórn
      vii. Einar Páll Einarsson – Varamaður í stjórn
   b. Þeir sem eiga að ganga úr aðalstjórn að þessu sinni eru: Valdimar Einarsson og Halldór Jónsson.
      Valdimar og Halldór gefa báðir kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn FKM.
      Voru þeir kosnir einróma.
   c. Varamenn sem eiga að ganga úr stjórn eru Ómar Bjarnason og Einar Páll Einarsson.
      Einar Páll gefur kost á sér til áframhaldandi setu í varastjórn en Ómar gefur ekki kost á sér.
   d. Jamil Allansson býður sig fram til varamanns í stjórn.
      Ekkert mótframboð kom á móti framboði Báru til formanns FKM og samþykkti fundurinn hana einróma sem næsta formann FKM.
   e. Skoðunarmenn reikninga eru Hjörtur Ingólfsson og Þengill Oddson.

   Hjörtur biðst undan en Eyjólfur Sigurðsson bauð sig fram í staðin og var kosinn einróma.
10. Valdimar las upp nöfn 5 nýrra félaga og bar þau upp til samþykktar sem að fundurinn samþykkti einróma.

Nýir félagar:
Guðmundur Már Þorvarðarson
Heimir Arnar Birgisson
Elmar Gíslason
Guðmundur Guðjónsson
Þórarinn Ingi Ingason
Birkir Eyþór Ásgeirsson
Þór Arnarson
Stefán Jón Heiðarsson
Ólafur Ágúst Stefánsson
Garðar Sigvaldason
Ólafur Helgi Guðmundsson

11. Félags- og inntökugjöld :

    Fundarmenn og stjórn sáu ekki ástæðu til að hækka félagsgjöld og voru þau samþykkt óbreytt:

    Inntökugjald er 80.000,-

    Árgjald er: 20.000,- (rukkað tvisvar á ári 10.000,- í hvort skipti)

12. Önnur mál :
    a. Stefán Sigurðsson kom með tillögu að lagabreytingu í sambandi við kjörgengi. Sem hljóðar svona:

       Sjá viðhengi.
    b. Stjórn tilkynnti að stjórn FKM mundi sjá um rekstur og utanumhald TF-RJC framvegis.

       Stjórnin þakkar Daníel fyrir þann tíma sem hann eyddi í klúbbvélina.
    c. Stjórnin þakkaði Hirti Ingólfssyni fyrir óeigingjarnt starf við þrif og viðhald í klúbbhúsinu.
    d. Orri talaði um ástand flugbrautarinnar, frost í jörðu og spara brautina á meðan frost fer úr.

Fundi slitið kl.: 10:58

Valdimar Einarsson, Ritari FKM